

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA

234. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **3. apríl 2014,**

kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Erindi: Kollsá 2, stofnun sumarbústaðalands úr landi Kollsá 2.
2. Erindi: Víðidalstungukirkja, stofnun lóðar úr landi Víðidalstungu og stækka landnotkun kirkjunnar.
3. Erindi: Aðalskipulag, farið yfir stöðu mála.
4. Erindi: Stóra-Ásgeirsá, erindi frestað frá 233. fundi.
5. Erindi: Jörfi, erindi frestað frá 233. fundi.
6. Erindi: Hafnarbraut 3, erindi frestað frá 233. fundi.

Tekið á dagskrá:

7. Erindi: Kaupfélag Vestur Húnvetninga sækir um leyfi til að breyta bili í suður-enda pakkhús á 2. hæð.
8. Erindi: Fyrirspurn frá Jóni Orra Magnússyni.

Afgreiðslur:

1. Kollsá 2, Bjarni Benediktsson, kt. 130470-3009, Álftamýri 34, 108 Reykjavík. Sækir, með erindi dags. 9. mars. 2014, um leyfi til að stofna lóð úr landi Kollsár 2, lnr. 142205, sem mun heita Kollsá 4 og verða 1004 m² að stærð, samkv. uppdráttum gerðum af Landmótun sf. teiknistofa landlagsarkitekta, Hamraborg 12, 200 Kópavogi. Hjálagt með umsókn; umsókn um stofnun fasteigna í fasteignaskrá - ný lóð/nýjar lóðir, uppdráttur af lóðinni, teikning merkt G01, greinargerð dags 9. mars 2014 vegna umsóknar um skráningu frístundalóðar. Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið en bendir á að sækja þarf um leyfi hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti svo hægt sé að taka lóðina úr landbúnaðarnotkun.
2. Víðidalstunga, Sigrún Þórisdóttir f.h. Víðidalstungukirkju, kt. 690269-4309 og Ólafur Bergmann Óskarsson, kt. 070543-2149, Víðidalstungu, 531 Hvammstanga. Sækir, með erindi dags. 14. mars. 2014, um leyfi til að stofna stækka lóð úr landi Víðidalstungu, lnr. 144641, sem mun auka stærð landsvæðis Víðidalstungukirkju, lnr. 144642, um 5345 m², samkv. uppdráttum gerðum af Sigurgeir Skúlasyni, landfræðing. Hjálagt með umsókn; umsókn um stofnun fasteigna í fasteignaskrá - ný lóð/nýjar lóðir, uppdráttur af lóðinni, teikning merkt „Lóð fyrir kirkju og kirkjugarð“. Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið en bendir á að sækja þarf um leyfi hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti svo hægt sé að taka lóðina úr landbúnaðarnotkun.
3. Aðalskipulag, Aðalskipulag er enn til athugunar og yfirferðar hjá Skipulagsstofnun ríkisins. Yfirferð ætti að geta verið lokið í viku 15 eða byrjun viku 16. Farið almennt yfir stöðu mála.
4. Stóra-Ásgeirsá, lnr. 144636, Magnús Ásgeir Elíasson, kt. 180384-2199, Stóru-Ásgeirsá, 531 Hvammstanga, erindi frestað frá 233. fundi. Fullnægjandi gögn hafa borist. Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið.

5. Jörfi, lnr. 144617, Ægir Jóhannesson, kt.301067-5269, Jörfa, 531 Hvammstanga, erindi frestað frá 233. fundi. Samþykki heilbrigðisfulltrúa og slökkviliðsstjóra liggur fyrir. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.

6. Hafnarbraut 3, lnr.179736, Hlaðan ehf., kt. 610110-1260, Hvammstangabraut 37, 530 Hvammstanga, erindi frestað frá 233. fundi. Samþykki heilbrigðisfulltrúa, slökkviliðsstjóra og meðeiganda liggur fyrir. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Ráðið bendir á að afstöðumynd af lóð vantar og skilgreina verður bílastæði vegna nálægðar við Sjúkrabíla.

Tekið á dagskrá:

7. Strandgata 1, Pakkhús, lnr.144403, Reimar Marteinnsson f.h. Kaupfélag Vestur Húnavetninga, kt. 680169-1879, Strandgata 1, 530 Hvammstanga, sækir, með erindi dags. 3. apríl 2014, um leyfi til að breyta bili í suður enda pakkhús á 2. hæð, sem áður var frystigeymsla í veitingahús og mötuneyti. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

8. Lagt fram bréf dags 2. apríl 2014, frá Jón Orra Magnússyni. Skipulags og byggingafulltrúa falið að svara fyrirspurninni.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.19:20

Guðjón Loftsson (sign.),
Sigurbjartur Halldórsson (sign.),
Unnsteinn Andrússon (sign.),
Gísli Kjartansson (sign),

Erla Kristinsdóttir (sign.),
Anna María Elíasdóttir (sign.),
Vígundur Gunnþórsson (sign.),